

Miðvikudaginn 7. desember 1966.

Nr. 83/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Helga Guðjóni Samúelssyni**

(Guðmundur Pétursson hrl.).

**Dóمندur:**

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Magnús P. Torfason.

Ákæra um brot gegn umferðarlögum.

**Dómur Hæstaréttar.**

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitni verið kvödd fyrir dóm og þau eiðfest. Lagðar hafa verið fram ljósmyndir, er lögreglumenn tóku á vettvangi eftir áreksturinn.

Málsatvikum er ítarlega lýst í héraðsdómi. Svo sem í héraðsdómi er rakið, taldi ákærði, að þegar bifreið hans var komin inn á gatnamótin, hafi hann séð bifreið hemla á hægri akrein vestari akbrautar Lönguhlíðar sunnan Miklubrautar og talið hana vera stöðvaða, þar sem gult ljós logaði á ljósvitanum. Þessi bifreið muni hafa skyggt á R 15519, er hafi verið ekið eftir vinstri akrein og á móti gulu ljósi á ljósvitanum. Ekki hefur af hendi ákærvaldsins verið gerð tilraun til að afla nánari vitneskju um bifreið þessa.

Arni Sigurðsson leigubifreiðarstjóri, sem var á leið austur Miklubraut og hafði stöðvað bifreið sína vestan Lönguhlíðar „á vinstri akrein Miklubrautar“, hefur skýrt svo frá fyrir dómi og eiðfest vætti sitt, að hann hafi tekið eftir því, að síðasta bifreið að norðan inn á gatnamótin hafi beygt til hægri og það sé sú bifreið, sem hafi lent í árekstrinum. Gula ljósið á ljósvitanum hafi kviknað um það leyti, sem bifreið þessi var að renna inn á gangbrautina norðan gatnamótanna og hafi henni verið ekið með eðlilegum hraða. Hann hafi ekki tekið eftir R 15519, fyrr en áreksturinn varð, en telur, miðað við ljósaskiptinguna á ljósvitanum þarna, alveg ör-

uggt, að R 15519 hafi „farið yfir gangbraut og inn á gatnamótin móti gulu ljósi og örugglega heldur á seinni hluta þess tíma, sem gula ljósið logaði, heldur en fyrri hluta hans, þar eð græna ljósið kviknaði, alveg um leið og árekstur varð . . .“. Af ljósmyndum af bifreiðunum eftir áreksturinn sést, að framendi R 15519 hefur rekizt á vinstri framhjólhlíf og framhluta vinstri hurðar R 14956. Af þessu er ljóst, að R 14956 hefur í árekstraraugnablikinu stefnt til vesturs, og hægri beygjunni hefur verið lokið. Þegar til þessa alls er litið og þess gætt, að leið ákærða um gatnamótin að árekstrarstað er mun lengri en leið R 15519 frá stöðvunarlinu að árekstrarstað, þá eru líkur fyrir því, að R 15519 hafi verið ekið yfir stöðvunarlínuna, eftir að gult ljós hafði kviknað á ljósvitanum. Að svo vöxnu máli þykir varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi með akstri sínum í umrætt sinn brotið gegn þeim ákvæðum umferðarlaga, sem í ákæruskjali greinir. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Samkvæmt þessu ber að leggja allan sakarkostnað í málinu á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Helgi Guðjón Samúelsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður allur bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. september 1965.

Ár 1965, fimmtudaginn 23. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómarara kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 4723/1965: Ákæruvaldið gegn Helga Guðjóni Samúelssyni, sem tekið var til dóms 16. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 13. nóvember 1964, höfðað gegn ákærða, Helga Guðjóni Samúelssyni verkfræðingi, Sporða-

grunni 19, Reykjavík, fyrir að hafa þriðjudagskvöldið 10. marz 1964 ekið bifreiðinni R 14956 án nægilegrar varkárni suður Lönguhlíð og til hægri inn á Miklubraut með þeim afleiðingum, að árekstur varð milli nefndrar bifreiðar og bifreiðarinnar R 15519, sem í sömu andrá var ekið norður Lönguhlíð yfir Miklubraut.

Telst þetta varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 3. mgr. i. f. 46. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 17. febrúar 1937 að Hrafnabjörgum, Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærði hvorki sætt ákæru né refsingu.

Málsatvik eru þessi:

Þriðjudaginn 10. marz 1964 klukkan 2053 var lögreglu tilkynnt, að umferðarslys hefði orðið á gatnamótum Lönguhlíðar og Miklubrautar hér í borg þá litlu fyrr. Lögreglan fór á staðinn. Samkvæmt skýrslu hennar hafði bifreiðinni R 15519 verið ekið norður Lönguhlíð, en bifreiðinni R 14946 suður sömu götu og sveigt til hægri í veg fyrir hina. Báðir kváðust ökumenn hafa ekið gegnt grænu umferðarljósi. Stjórnandi R 15519, Pétur Einarsson, tjáði lögreglu, að hann hefði búizt við, að hin bifreiðin yrði stöðvuð við gatnamótin til þess að víkja fyrir sinni bifreið, en þá er henni var beygt þvert á leið hans, hefði enginn tími verið til stefnu og honum því ekki tekizt að hemla bifreið sinni svo nokkru næmi. Ökumaður R 14956, ákærði í máli þessu, skýrði lögreglu svo frá, „að hann hefði ekið suður Lönguhlíð og hafa ætlað að aka vestur Miklubraut, en er hann kom að gatnamótum Miklubrautar, skiptu ljósin, og kvaðst hann hafa beygt til hægri, eða vestur Miklubraut. Hann kvaðst hafa séð bifreiðina R 15519 og kvaðst hafa búizt við því, að hún yrði stöðvuð við gatnamótin, en er hann sá, að svo var ekki og henni ekið beint áfram, var hann orðinn of seinn til þess að forða slysi, og áreksturinn varð óumflýjanlegur.“ Báðar bifreiðarnar skemmdust mjög mikið, og þrír farþegar í þeim slösuðust nokkuð. Akbrautin var malbikuð, færi þurrt, myrkur var, en rafmagnslýsing góð.

Vitnið Pétur Einarsson skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði ekið bifreiðinni R 15519 norður Lönguhlíð á um 25 mílna hraða miðað við klukkustund. Kvaðst vitnið hafa ekið gegnt grænu ljósi inn á Miklubraut, en ljósin skipt yfir á gult, um leið og það ók yfir gangbrautina. Vitnið tók eftir bifreiðinni R 14956, sem

sveigt var til hægri, en taldi öruggt, að hún yrði stöðvuð fyrir bifreið þess, en vitnið var á leið beint norður götuna. Þar sem R 14956 var ekið viðstöðulaust áfram til hægri og í veg fyrir bifreið vitnisins, kvaðst það hafa stigið á fóthemil, en svo til um leið og hemlar fóru að virka, hafi árekstur orðið.

Vitnið Magnús Jónsson, sem sat í framsæti bifreiðarinnar R 15519, taldi, að henni hefði verið ekið á um 40 km. hraða miðað við klukkustund. Fullyrti vitni þetta ítrekað aðspurt, að grænt ljós hefði verið á götuvatnum gegnt bifreiðinni, er henni var ekið inn á gangbrautina, og kvaðst vitnið einmitt hafa verið að horfa á ljós götuvatans. Vitnið sagðist hafa orðið vart við bifreiðina, sem á móti kom og beygði í veg fyrir bifreið þá, sem vatnið sat í, en bilið milli bifreiðanna var mjög stutt, og svo til um leið varð áreksturinn, og voru báðar bifreiðarnar þá á ferð.

Vitnið Ástvaldur Snæfeld Eiríksson var að ganga yfir umrædd gatnamót. Ekki gat vitni þetta borið um ljósastillingu, þá er bifreiðunum var ekið inn á gatnamótin, en kvað báðar bifreiðarnar hafa verið á ferð, er árekstur varð.

Vitnið Árni Sigurðsson, sem statt var í bifreið á Miklubraut, skýrði rannsóknarlögreglu svo frá, að seinasta bifreiðin norðan Lönguhlíð hefði verið sú, sem sveigt var til hægri og í árekstrinum lenti. Virtist vitninu gula ljósið kvikna, um það leyti sem þessi bifreið var að renna á gangbraut norðan gatnamótanna. Ekki tók vitnið eftir, úr hvorri akrein Lönguhlíðar bifreiðin kom, en því virtist henni ekið eðlilega hratt. Vitnið kvaðst hafa séð, að ljósin skiptu á grænt gegnt því og alveg um leið heyrt högg af árekstrinum. Síðan er bókað svo eftir vitninu í skýrslu rannsóknarlögreglu: „Ég hafði ekki tekið eftir bíl þeim, sem kom sunnan Lönguhlíð og vissi ekkert af honum, fyrr en árekstur varð. Virtist honum hafa verið ekið all hratt, þar eð höggið af árekstrinum var mikið. Ekki sá ég nein hemlaför á götunni eftir bílana að árekstri loknum. Ég tel alveg öruggt, að bíll sá, sem kom sunnan Lönguhlíð, hafi farið yfir gangbraut og inn á gatnamótin móti gulu ljósi og örugglega heldur á seinni hluta þess tíma, sem gula ljósið logaði, heldur en fyrri hluta hans, þar eð græna ljósið kviknaði, alveg um leið og árekstur varð, eins og áður segir . . .“. Þegar leiða átti vitni þetta fyrir dóm, var það flutt úr borginni eitthvað austur í sveitir, og tókst boðunardeild dómsins ekki að hafa upp á því.

Vitnið Sigurður Jónsson, sem statt var í bifreið á Miklubraut, sagði, að báðar bifreiðar hefðu verið á ferð, er árekstur varð.

Kvaðst vitnið hafa litið á götuljós, um leið og bifreiðarnar höfðu stöðvazt eftir áreksturinn og hafi þá verið komið grænt ljós austur Miklubraut, en bifreiðar á Miklubraut ekki verið farnar af stað. Vitnið veitti bifreiðinni R 15519 ekki athygli fyrir árekstur, en sá til ferða R 14956 inn á gatnamótin og fannst ferð hennar „skikkanleg, ekkert óeðlileg“.

Vitnið Bjarnfinnur Hjaltason sat í aftursæti bifreiðarinnar R 14956, sem ákærði ók suður vestari akrein Lönguhlíðar á eðlilegum hraða. Vitnið bar í fyrstu fyrir dómi, að götuljósinn hefðu sýnt grænt ljós á mótí bifreiðinni, er henni var ekið út í gatnamótin, en þá fljótlega skipt yfir á gult ljós. Eftir að vitninu var bent á, að það hefði í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu sagt, að það gæti ekkert borið um skiptingu eða stöðu umferðarljósa, þar sem það hefði ekki veitt þeim neina athygli, sagði vitnið, að framburður þess hjá rannsóknarlögreglu mundi réttur. Gagnstæðan framburð sinn fyrir dómi skýrði vitnið svo, að það hefði heyrt talað um, að ljósinn hefðu sýnt grænt og síðan skipt yfir á gult. Skyllt er í þessu sambandi að taka fram, að rannsóknarlögregla tók skýrslu af vitninu hinn 19. marz 1964, en vætti þess fyrir dómi var gefið hinn 26. marz 1965.

Ákærði kvaðst hafa ekið suður Lönguhlíð eftir vestari akrein á um 35 km. hraða miðað við klukkustund. Er ákærði kom að gangbrautinni við Miklubraut, sagði hann, að grænt ljós hefði verið á götuvitanum gegnt honum, en skipt yfir á gult, um leið og hann ók út á gangbrautina. Ákærði kvaðst hafa tekið eftir bifreið, sem kom norður Lönguhlíð á austari akrein og stöðvaðist við gatnamót Miklubrautar, en sagðist ekki hafa tekið eftir bifreiðinni R 15519, sem ekið var norður vestari akrein Lönguhlíðar, fyrr en rétt áður en bifreiðarnar skullu saman og hefði honum því enginn tími gefizt til „að auka hraða til að sleppa fram hjá“. Taldi ákærði ekki rétt eftir sér haft í lögregluskýrslu varðandi atriði þetta.

Ákærði og verjandi hans hafa viljað halda því fram, að bifreiðinni R 15519 hafi verið ekið inn á gatnamótin gegnt gulu ljósi og akstur ákærða því verið vítalaus. Er álit þetta m. a. byggt á fjarlægð milli bifreiðanna og árekstrarstaðar sem og hraða þeirra.

Á þetta verður ekki fallizt þegar af þeirri ástæðu, að um hraðann eru einasta fyrir hendi ágizkanir, um raunverulegan ákomustað er ekki vitað, þar sem bifreiðarnar þarust til eftir árekstur, og loks verður ekki staðhæft með nákvæmni, hvernig ákærði ók beygjuna til hægri. Telja verður hins vegar, að ákærði hafi

ekki sýnt næga aðgát í akstri með því að stöðva ekki fyrir bifreið, sem kom honum á hægri (sic) hönd. Er háttsemi ákærða rétt lýst í ákæru og telst varða við 3. mgr. i. f. 46. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Þykir þetta sérstaka ákvæði tæma sök ákærða, og verður hann því sýknaður af brotum gegn 1. mgr. 26. og 1. mgr. 37. gr. sömu laga.

Refsing ákærða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 2.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 3 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hæstréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Helgi Guðjón Samúelsson, greiði 2.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 3 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 9. desember 1966.

Nr. 81/1966. **Björn Halldórsson** (Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

**Jóel Sigurðssyni og gagnsök**

(Ingi Ingimundarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Líkamsáverkar. Skaðabótamál.

#### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1966 og krafizt sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi af gagnáfrýjanda. Gagnáfrýjandi